

Annar fundur öldungaráðs Norðurþings

24 júní 2020

Fundinn sátu: Fanney Hreinsdóttir, Helgi Ólafsson, Jónas Friðrik Guðnason, Ragnhildur Þorgeirs dóttir, Smári Kárason, Ólína Arnkelsdóttir, Jón Gunnþórsson og Sigrún Jóhannsdóttir.

Jón Grímsson boðaði forföll á fundinn.

Lilja Skarphéðinsdóttir mætti ekki.

1. Ný og breytt ákvæði um öldungaráð.

Fanney Hreinsdóttir fór yfir ný og breytt ákvæði um öldungaráð á grundvelli laga sem tóku gildi þann 1. okt. 2018

2. Nánar um öldungaráð og hlutverk.

Fanney Hreinsdóttir fór yfir helstu málefni öldungaráðs samkvæmt nýjum lögum.

Tengingu ráðsins við stjórnsýsluna, fundargerðir fara til kynninga í fjölskylduráði en til þess að erindið fái formlega meðferð þarf að koms sérstaklega á framfæri tillögu þar um.

Öldungaráð er ekki hluti af stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags.

3. Fundarsköp.

Fanney Hreinsdóttir fór yfir fundarsköp fyrir öldungaráð, samþykktir Norðurþings og hlutverk formanns og ritara ráðsins.

4. Hlutverk ráðsins. Rætt var um hlutverk ráðsins og praktísk atriði er snúa að ráðinu.

5. Fundarmenn fóru kynningarhring og kynntu sig sjálfa og hvaðan þeir koma.

6. Kosið í hlutverk, formaður, varaformaður og ritari.

Ráðið skiptir með sér verkum á eftirfarandi hátt;

Formaður: Ólína Arnkelsdóttir

Varaformaður: Lilja Skarphéðinsdóttir

Ritari: Jónas Friðrik Guðnason.

Önnur mál:

Í framahldi af kynningu á ráðinu þar sem þess er getið að fundargerðir ráðsins verði aðgengilegar á heimasíðu Norðurþings komu fram vangaveltur þess efnis hvort fundargerðirnar muni vera aðgengilegar á heimasíðum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að samráðsamningi sveitarfélaganna.

Jón Gunnþórs ræddi þá hugmynd að útbúa kynningarbréf með þeirri þjónustu sem þeim stendur til boða. Einnig ræddi hann um reglur sem gilda í húsnæði Langanesbyggðar þeim íbúðum sem eldri borgurum stendur til boða. Ræddum þetta aðeins kom þá í ljós að ekki væri hægt að senda samskonar bréf til allra eldri borgara á starfssvæðinu þar sem mismunandi þjónusta er á hverjum stað fyrir sig.

Sigrún í Skútustaðahreppi sagði frá starfsemi þar sem snertir eldri borgara og kom fram að akstur í dægradvöl er mikilvægur til að gefa fólk kost á að komast og sækja sér það sem stendur til boða.

Sagði hún að vel væri hugsað um eldri borgara í Skútustaðahreppi.

Ólína í Þingeyjarsveit sagði einnig frá þeirra starfi og kom fram að akstri er ekki sinnt í sveitarfélagini fyrir aldraða en það hefur verið til umræðu og þarfagreining er fyrirhuguð í sveitarfélagini.

Helgi sagði frá félagi eldri borgara á Raufarhöfn og þeim áskorunum sem félagið stendur frammi fyrir með Breiðablik húsnæði sem félagini verður afhent til eignar. Einnig tjáði Helgi okkur að hann vildi ganga úr ráðinu og Jónas Friðrik væri þess mættur til að taka við boltanum fyrir hans hönd.

Einnig var rætt um dvalar - og hjúkrunarrými og stefnu ráðuneytis í þeim efnum. Í framhaldi spunnust umræður um þjónustustig heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu og að sú þjónusta er ekki fáanleg nema virka daga.

Einnig rætt um dagvistun og skiptingu á greiðslum frá ríkinu til þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að samstarfssamningi sveitarfélaganna. Nokkur sveitarfélög eru sjálf að bjóða uppá dagvist og fá þær greiðslur ríkisins til þess reksturs.

Dagvistunarúrræði í Norðurþingi eru nokkuð sérstök þar sem dagvistin er í húsnæði Hvamms sem rekin er af sveitarfélögunum og kom í ljós í Covid ástandi að ekki mátti hafa dagvistina opna fyrr en höftum hafði verið aflétt vegna Covid.

Fundi slitið kl.15:30